

2020

ÁRSSKÝRSLA



SORPSTÖÐ SUÐURLANDS bs.

10/29/2020

Inngangur

Í þessari ársskýrslu Sorpstöðvar Suðurlands (SOS) fyrir starfsárið 2019 – 2020 er fjallað um störf stjórnarinnar og getið helst verkefna á milli aðalfunda þann 25. október 2019 og 30. október 2020.

Skipan stjórnar

Í stjórn á tímabilinu voru:

Aðalmenn: Jón G. Valgeirsson, formaður, Anton Kári Halldórsson, varaformaður, Ingibjörg Kjartansdóttir, Arna Ír Gunnarsdóttir og Gísli Halldór Halldórsson.

Varamenn: Einar Bjarnason, Sigurður Einar Guðjónsson, Ágúst Sigurðsson, Helgi Sigurður Haraldsson og Álfheiður Eymarsdóttir.

Frá síðasta aðalfundi hefur stjórnin haldið 12 formlega fundi, þar af 2 með fulltrúum aðildarsveitarfélaganna, auk fjölda funda í minni hópum.

Verkefni stjórnar

Aðgerðir vegna móttöku á úrgangi

Eftir síðasta aðalfund stjórnar SOS hélt áfram vinna við að leysa ýmis verkefni sem snéru að því að geta útvegað úrræði fyrir úrgang af starfssvæði SOS. Í þessu ljósi og vegna fleiri atriða hélt stjórn tvo stjórnarfundi með fulltrúum aðildarsveitarfélaga SOS í lok árs 2019 og byrjun árs 2020.

Í gildi voru samningar við Sorpurðun Vesturlands hf. og Norðurá bs. um takmarkaðar heimildir fyrir móttöku á úrgangi í Fíflholti og Stekkjavík. SOS lagði fram beiðni til þessara sorpsamlaga um móttöku á meira magni til urðunar en fékk þau svör að þau vildu ekki bæta við það magn sem samið hafði verið um. Það þýddi að í Fíflholt fóru eingöngu dýrahæ og Stekkjavík grófur úrgangur. Úrgangskvóti í Fíflholti rann út í byrjun sumars og í Stekkjavík er hann að klárast.

Umræða fór fram, bæði í stjórn og á fundum með aðildarsveitarfélögum, hvernig best væri að standa að samningum um móttöku á úrgangi. Þá var stjórnin í sambandi við sorphirðingaraðila um þá möguleika sem væru í stöðunni og hvaða úrræði þeir hefðu varðandi afsetningu á úrgangi.

Rætt var um hvort SOS ætti að vera samnefnari samninga um móttöku á úrgangi eða hvort einstök sveitarfélög nýttu sín úrræði með sínum hirðingaráðilum varðandi þá úrgangsflokka sem þeir gætu tekið á móti. Rætt var um möguleika á sameiginlegu útboði á móttöku á úrgangi eða vinna að rammasamningi með Sveitarfélaginu Árborg í sambandi við þeirra útboð um hirðingu. Niðurstaðan varð sú að heppilegast væri í stöðunni í bili að sveitarfélögin gerðu samninga við sín hirðingarfyrtæki um afsetningu

á þeim úrgangi sem þau gætu unnið úr en SOS einbeitti sér að leysa einstök vandamál varðandi ákveðna úrgangsflokka. Þeir flokkar hafa helst verið dýrahæ og grófur úrgangur sem þarf að fara í urðun.

Hirðingaraðilar hafa farið mismundi leiðir þannig að Íslenska gámafélagið (ÍGF) hefur verið m.a. í útflutningi á brennanlegum úrgangi til orkuendurvinnslu og endurvinnsluefnum en Terra notað brennslu innanlands o.fl. aðferðir í sinni nálgun auk úflutnings á endurvinnsluefnum. Báðar þessar aðferðir hafa gengið vel en ljóst að kostnaður við afsetninguna er drjúgur og íþyngjandi fyrir rekstur málaflokksins hjá sveitarfélögunum.

Úrvinnsla á tillögum í úrgangsmálum á starfssvæði SOS

Stjórn SOS endurnýjaði samning við Stefán Gíslason, umhverfisstjórnarfræðing hjá UMÍS ehf. Environce, um að vinna að ákveðnum verkefnum tengdum tillögum í úrgangsmálum en hann hefur verið ráðgjafi SOS síðustu ár. Hefur sú vinna nýst vel við núverandi aðstæður og fyrir utan að vinna að ákveðnum tillögum í málaflokknum þá hefur Stefán verið tengiliður við urðunarstaðina, hirðingarfyriertækin og opinbera aðila.

Það er ánægulegt að vinna stjórnar og Stefáns hefur minna farið í að slökkva elda en heldur í að huga að framtíðinni og lausnum í úrgangsmálum. Störf Stefáns hafa einkum snúið að vinnu við að koma upp brennsluúræði vegna dýrahæja á Strönd í samstarfi við Sorpstöð Rangárvallasýslu, aðgerðaráætlun vegna COVID-19, samantekt upplýsinga um úrgangsmagn á svæðinu og vinnu að aðgerðaráætlun vegna vinnu við endurskoðun á Svæðisáætlun sorpsamlaganna á Suðvesturlandi. Á aðalfundinum mun Stefán gera grein fyrir þeim verkefnum sem hann hefur komið að frá síðasta aðalfundi

Samráðsnefnd sorpsamlaganna á Suðvesturlandi og samráð samlaganna

Samráðsnefnd sorpsamlaganna á Suðvesturlandi hefur haldið sjö fundi á tímabilinu sem fulltrúar SOS hafa setið, ýmist staðfundir eða fjarfundir. Vinna við endurskoðun á Svæðisáætlun fyrir Suðvesturland 2019 - 2020 er í fullri vinnslu og er það verkfræðistofan Mannvit sem heldur utan um verkefnið. Ljóst er að seinkun verður á verkefninu af ýmsum orsökum en stefnt er að því, að þeirri vinnu ljúki á árinu 2021.

Það hefur ekki orðið af frekari sameiningu sorpsamlaganna en ýmsar hræringar hafa átt sér stað innan þeirra sem hafa ýmis áhrif. Samtalið hefur farið í ýmsar greiningar á úrgangslausnum þar sem nú er m.a. horft til útflutnings á brennanlegum úrgangi til orkuvinnslu en í leiðinni er hafin vinna við greiningu á möguleika þess að reisa nýja og stærri brennslu á Íslandi sem myndi nýtast í þessu skyni.

Á starfsárinu kom fram frumvarp frá umhverfisráðherra um endurskoðun á lögum um meðhöndlun úrgangs sem fór í umsagnarferli. Sveitarfélögin þurfa að hafa sterkar skoðanir á því frumvarpi þar sem þau bera ábyrgð á málaflokknum í raun en gera má ráð fyrir að frumvarpið verði lagt aftur fram á núverandi þingi.

Vinna við sjálfa endurskoðunina á svæðisáætluninni hefur mjakast áfram en stjórn SOS hefur m.a. lagt fram drög að Suðurlandskafla aðgerðaráætlunar vegna

svæðisáætlunarinnar sem þarf að vera til umræðu innan aðildarsveitarfélaganna og hvort þau séu sátt við þau markmið sem þar eru lögð fram.

Stjórn SOS hefur lýst yfir eindregnum vilja til áframhaldandi samstarfs um að leita lausna í sorpmálum sveitarfélaganna til framtíðar og vinnum við áfram í þeim anda.

Leit að urðunarstað á Suðurlandi

Á síðasta aðalfundi var gerð grein fyrir greiningarvinnu vegna leitar að urðunarstað þar sem Kirkjuferjuháleiga, Strönd og Skógarsandur voru álitin svæði sem gætu nýst í framtíðinni fyrir efnislosun, vinnslu eða geymslu á úrgangi auk þess sem öðrum stöðum á svæðinu sem meðhöndla úrgang voru gerð skil. Ekki hefur verið unnið mikið með þessi mál í bili að öðru leyti en að það er skoðun stjórnar SOS að það séu mikil verðmæti að eiga þessa möguleika í stöðunni og spá í heppilegar útfærslur.

Frágangur urðunarsvæðis í Kirkjuferjuháleigu

Í gildi er samningur við EFLU um mælingar og vöktun í Kirkjuferjuháleigu þannig að opinberum kröfum Umhverfisstofnunar vegna lokunarinnar sé sinnt. Hafa mælingar sýnt fram á að mengun frá svæðinu er innan marka. Almennt lítur svæðið mjög vel út og ætti að vera SOS til sóma en það mun kosta SOS talsverða fjármuni á hverju ári að viðhalda svæðinu og uppfylla kröfur.

SOS hefur viðhaldið starfsleyfi svæðisins en áfram er óvissa um það hvernig landsvæðið verður nýtt, en eins og áður hefur verið sagt þá er áhugi á að það nýtist í einhverjum mæli í tengslum við úrgangsmál.

Orkugerðin ehf.

SOS á 34,1% hlut í kjötmjölsverksmiðju Orkugerðarinnar á móti sláturleyfishöfum og hefur reksturinn á liðnu starfsári gengið vel sem er afar ánægjulegt en verksmiðjan gegnir lykilhlutverki í meðhöndlun á ákveðnum tegundum af sláturhúsúrgangi. Batnandi rekstur hefur gert það kleift að hægt var að fara í nauðsynlegar viðhaldsframkvæmdir, bæði á húsnæði og búnaði, og hafa farið fram á árinu töluverðar fjárfestingar í því skyni. Þá er búið að finna farveg fyrir sölu á fitu frá verksmiðjunni sem er mjög spennandi verkefni og styður enn frekar reksturinn. Þá mun verksmiðjan leika lykilhlutverk ef áformað verður að banna urðun á lífrænum úrgangi og hefur SOS haldið uppi hlutverki og nafni Orkugerðarinnar í allri umræðu í þessu skyni.

Á starfsárinu urðu fulltrúaskipti hjá SOS í stjórn Orkugerðarinnar en Guðmundur Tryggvi Ólafsson óskaði eftir lausn og Árni Eiríksson tók sæti hans í stjórn. SOS vill þakka Guðmundi Tryggva fyrir afar góð störf í þágu Orkugerðarinnar.

Samningar SOS og SASS

Samningar voru endurnýjaðir við SASS um að vinna að ákveðnum verkefnum sem SOS þarf að halda utan um. Það samstarf hefur gengið vel og ljóst að á meðan starfssemi SOS

er með þeim hætti sem hún er í dag er slík vinna fyrir SOS nauðsynleg. Hefur þetta hjálpað stjórn SOS mikið í sinni vinnu.

Brennsluofn á Stönd

Samþykkt var á síðasta aðalfundi SOS að SOS tæki þátt með Sorpstöð Rangárvallarsýslu að útfæra brennslulausnir fyrir dýrahæ á Strönd. Fyrirhugað var að gerður yrði samstarfssamningur og SOS myndi fjármagna verkefnið til helminga sem síðan yrði endurgreitt með tekjum verkefnisins. Verkið hefur tafist af ýmsum orksökum en við hönnun og útfærslur er ljóst að verkefnið er kostnaðarsamara en í upphafi var ætlað en verið er að vinna í heppilegum útfærslum. Ljóst er samt að áhugi er hjá sorpsamlaginu á Vesturlandi og jafnvel af höfðuðborgarsvæðinu að nýta sér þetta úrræði sem ætti að bæta rekstargrundvöllinn ef af verður. Þá er jafnvel áhugi hjá Veitum að nýta sér varmann við brennsluna til að skerpa á hitaveitunni að Hvolsvelli sem er afar áhugavert.

Samhliða þessu hefur verið umhverfismat í gangi og líka verið að vinna í tímabundnu leyfi til urðunar á lífrænum úrgangi á Strönd sem færi annars til brennslu á Strönd. Ljóst er að leysa þarf þetta móttökuúræði en það mun verða kostnaðarsamt og mikilvægt að reyna að fá aðra opinbera aðila í þetta verkefni með okkur.

COVID-19

Eins og kunnugt er þá hafði COVID faraldurinn áhrif á úrgangsmálin eins og annað og þurfti SOS að gera viðbragðsáætlun vegna þessa auk þess sem hirðingaraðilar þurftu að gera ýmsar ráðstafanir. Sem betur fer urðu ekki miklar raskanir en töluverð vinna fór í þælingar og útfærslur til að bregðast við ef illa færi. Er þetta áminning um að hugsa þarf úrgangsmál frá ýmsum hliðum og verður að telja að Ísland þyrfti að búa sig undir að geta verið sem mest sjálfbært í úrgangslausnum ef upp koma erfiðir tímar.

Lokaorð

Ljóst er að úrgangsmálin eru að verða meira gildandi hjá sveitarfélögum og aðgerða er þörf til að standa sig gagnvart umhverfinu, loftslagsmálum og einnig kostnaði við málaflokkinn. SOS hefur verið duglegt að fjárfesta til framtíðar til að leita lausna og einnig til að bregðast við aðkallandi aðstæðum og ber ársreikningur félagsins þess enn og aftur merki.

Helstu verkefni á næstunni eru að gæta hagsmuna sveitarfélaganna varðandi lagasetningar og útfærslur í úrgangsmálum. Klára þarf sameiginlega aðgerðaráætlun í úrgangsmálum fyrir sveitarfélögin og vert er að muna að svæðisáætlunin er áætlun sveitarfélaganna en ekki eitthvað plagg sem rykfellur í skúffu.

Þá þarf SOS að klára með Sorpstöð Rangárvallarsýslu að koma upp brennsluúrræði fyrir dýrahæ á Strönd en sá úrgangsflokkur er stærsta vandamálið sem svæðið glímir við í afsetningu á úrgangi. Ljóst er að verkefnið er kostnaðarsamt en bráðnauðsynlegt og spennandi að taka þátt í að leysa það

Þá þarf að huga áfram að úrlausnum á afsetningu á úrgangi og síðan líta til endurskoðunar á samþykktum Sorpstöðvar Suðurlands bs. en Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið hefur sent tilmæli til sveitarfélaganna að endurskoða samþykktir byggðasamlaga og samstarfssamninga og eflaust verður þetta hluti af þeirri rýningu.

Staðan er því sú að nýrrar stjórnar bíða spennandi verkefni sem þarf að finna lausnir á.